

## HAGNAÐUR EFTIR SKATTA Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI 2013 NAM 2,5 MILLJÓNUM EVRA

- Rekstrartekjur hækkuðu um 12,4% milli ára og námu 105,3 milljónum evra
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 7,2 milljónir evra
- Eiginfjárhlutfall var 65,8% í lok mars
- Flutningsmagn í áætlanasiglingum á Norður Atlantshafi jókst um 0,3% á milli ára
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 13,1% á milli ára

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q1 2013	Q1 2012	Breyting	%	12M 2012
Rekstrartekjur	105.313	93.726	11.587	12,4%	414.330
Rekstrargjöld	98.096	86.950	11.146	12,8%	378.162
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA</b>	<b>7.217</b>	<b>6.776</b>	<b>441</b>	<b>6,5%</b>	<b>36.168</b>
Afskriftir	(5.134)	(5.462)	328	6,0%	(22.436)
<b>Rekstrarhagnaður - EBIT</b>	<b>2.083</b>	<b>1.314</b>	<b>769</b>	<b>58,5%</b>	<b>13.732</b>
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	949	(1.017)	1.966	193,3%	(2.983)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>3.032</b>	<b>297</b>	<b>2.735</b>	<b>920,9%</b>	<b>10.749</b>
Tekjuskattur	(500)	285	(785)	(275,4%)	1.982
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>2.532</b>	<b>582</b>	<b>1.950</b>	<b>335,1%</b>	<b>12.731</b>
<b>Leiðrétt fyrir einskisliðum:</b>					
Rekstrartekjur	105.313	93.726	11.587	12,4%	414.330
<b>EBITDA</b>	<b>7.217</b>	<b>6.776</b>	<b>441</b>	<b>6,5%</b>	<b>40.764</b>
<b>EBIT</b>	<b>2.083</b>	<b>1.314</b>	<b>769</b>	<b>58,5%</b>	<b>18.328</b>
Tekjubreyting	12,4%	11,8%			9,5%
EBITDA / rekstrartekjur	6,9%	7,2%			9,8%
EBIT / rekstrartekjur	2,0%	1,4%			4,4%
Nettóskuldir / LTM EBITDA	0,77	0,99			0,54
<b>Efnahagsreikningur</b>					
	<b>31.03.2013</b>	<b>31.03.2012</b>	<b>Breyting</b>	<b>%</b>	<b>31.12.2012</b>
<b>Eignir</b>	<b>307.193</b>	<b>284.656</b>	<b>22.537</b>	<b>7,9%</b>	<b>313.281</b>
Fastafjármunir	213.135	194.955	18.180	9,3%	209.723
<b>Eigið fé</b>	<b>202.219</b>	<b>176.907</b>	<b>25.312</b>	<b>14,3%</b>	<b>199.599</b>
<b>Skuldir</b>	<b>104.974</b>	<b>107.749</b>	<b>(2.775)</b>	<b>(2,6%)</b>	<b>113.682</b>
Nettóskuldir	31.598	37.249	(5.651)	(15,2%)	21.950
Efnislegar eignir / heildareignir	93,5%	93,3%			93,7%
Eiginfjárhlutfall	65,8%	62,1%			63,7%
<b>Sjóðstreymi</b>					
	<b>Q1 2013</b>	<b>Q1 2012</b>	<b>Breyting</b>	<b>%</b>	<b>12M 2012</b>
Handbært fé (til) frá rekstri	(2.357)	3.745	(6.102)	(162,9%)	36.872
Fjárfestingarhreyfingar	(8.045)	(21.981)	13.936	63,4%	(39.188)
Fjármögnunarhreyfingar	(2.478)	(464)	(2.014)	(434,1%)	(4.369)
<b>Lækkun á handbæru fé</b>	<b>(12.880)</b>	<b>(18.700)</b>	<b>5.820</b>	<b>31,1%</b>	<b>(6.685)</b>
Áhrif gjaldmiðla á handbært fé	(447)	180	(627)	(348,3%)	472
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>23.977</b>	<b>24.997</b>	<b>(1.020)</b>	<b>(4,1%)</b>	<b>37.304</b>

## GYLFI SIGFÚSSON, FORSTJÓRI

---

„Rekstrarhagnaður Eimskips fyrir afskriftir á fyrsta ársfjórðungi nam 7,2 milljónum evra og jókst um 6,5% frá fyrra ári. Hagnaður eftir skatta nam 2,5 milljónum evra samanborið við 0,6 milljóna evra hagnað á sama tímabili í fyrra.

Flutningsmagn í áætlanaflutningum félagsins á Norður-Atlantshafi jókst lítillega eða um 0,3% miðað við sama tímabil 2012. Töluverður vöxtur hefur verið í flutningum til og frá Færeyjum og í flutningum á milli Evrópu og Norður-Ameríku en samdráttur hefur verið í flutningum til Íslands og í Noregi. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 13,1% í samanburði við árið á undan, einkum vegna aukinna flutninga innan Asíu.

Eimskip kynnti í byrjun mars umfangsmiklar breytingar á siglingakerfi félagsins þar sem einu skipi var bætt við kerfið og jafngildir það 7,7% aukningu í afkastagetu. Breytt siglingakerfi opnar möguleika fyrir viðskiptavinum Eimskips og fyrir nýja tekjumyndun fyrir félagið. Helstu breytingar eru vikulegar strandsiglingar, nýjar viðkomur í Færeyjum, Skotlandi, Póllandi og Bandaríkjunum. Í tengslum við breytingar á siglingakerfinu opnaði félagið skrifstofu í Gdynia í Póllandi í byrjun mars og var fyrsta viðkoma félagsins í Swinoujscie í Póllandi í apríl. Með þessari breytingu á siglingakerfinu fær Eimskip tækifæri til að sækja inná nýja markaði í Eystrasaltinu og þjónusta betur þá fjölmörgu viðskiptavinum félagsins sem selja sjávarafurðir inná þann markað frá Íslandi, Færeyjum og Noregi.

Það mun taka tíma að byggja upp magn í breyttu siglingakerfi en viðskiptavinir hafa tekið breytingunum vel og höfum við nú þegar skrifað undir nýja samninga samtals að verðmæti þrjár til fjórar milljónir evra í sjóflutningstekjur á ársgrundvelli. Breytingarnar koma bæði viðskiptavinum og fyrirtækinu til góða með aukinni hagkvæmni, lækkun kostnaðar og minni umferð á þjóðvegum á Íslandi. Sem dæmi má nefna að fyrstu tvo mánuðina eftir að strandflutningar hófust höfum við ekið um 150 þúsund færri kílómetra en áður.

Eimskip samdi í apríl um rúmlega 20% lækkun á kaupverði gámaskipanna tveggja sem félagið er með í smíðum í Kína. Nemur lækkunin samtals 10 milljónum dollara fyrir bæði skipin. Upphaflega var gert ráð fyrir að skipin yrðu afhent á þessu ári en samið var um að afhending þeirra yrði á fyrri hluta árs 2014. Breyting á afhendingartíma skipanna mun ekki hafa áhrif á þjónustu við viðskiptavinum.

Félagið leggur áfram sérstaka áherslu á uppbyggingu á Norður-Atlantshafi í tengslum við möguleg verkefni tengd stóriðju, olíu og námuvinnslu, ásamt hafnarþjónustu og annarri tengdri þjónustu. Félagið fylgist einnig með og metur möguleg tækifæri tengd Norðurheimsskautsiglingum framtíðarinnar.“

## REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2013

---

Rekstrartekjur fyrsta ársfjórðungs námu 105,3 milljónum evra samanborið við 93,7 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2012 og jukust um 12,4% á milli ára. Aukning var í flutningum á helstu markaðssvæðum félagsins og nam aukningin í áætlanasiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi 0,3% á milli ára. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 13,1% í samburði við fyrsta ársfjórðung 2012 einkum vegna aukinna flutninga innan Asíu. Tekjur hafa einnig aukist með hækkandi verði á sjóflutningum á alþjóðlegum flutningamörkuðum.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, eða EBITDA, nam 7,2 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 6,8 milljónir evra á sama tímabili 2012 og nam aukningin 6,5% á milli ára. EBITDA hlutfall á fjórðungnum var 6,9% samanborið við 7,2% á fyrsta ársfjórðungi á fyrra ári.

Afskriftir námu 5,1 milljón evra á fjórðungnum en voru 5,5 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2012. Lækkun afskrifta stafar einkum af því að hluti af skipum félagsins eru að fullu afskrifuð niður í hrakvirði.


Rekstrarhagnaður, EBIT, nam 3,0 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 0,3 milljóna evra rekstrarhagnað á sama tímabili í fyrra.

Nettó fjármunatekjur námu 0,9 milljónum evra samanborið við 1,0 milljóna evra nettó fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi 2012. Skýrist sú breyting af gengishagnaði í ár en gengistap var á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Reiknaðir skattar námu 0,5 milljónum evra samanborið við 0,3 milljóna evra tekjufærða skatta á fyrsta ársfjórðungi 2012. Hagnaður eftir skatta nam 2,5 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 0,6 milljóna evra hagnað á sama tímabili 2012.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en þær sýna hvernig rekstrartekjur og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, skiptast á ársfjórðunga á árunum 2010 til 2013.

Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskiptisliðum á árunum 2011 og 2012. Rekstrartekjur og EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2011 hafa verið lækkaðar um 6,4 milljónir evra vegna innheimtu á áður afskrifaðri kröfu. EBITDA hefur hins vegar verið hækkuð um 0,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2011 vegna strands Goðafoss og um 0,7 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu félagsins. Að lokum var EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2012 hækkuð um alls 3,9 milljónir evra, þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra kostnaðar vegna kaupréttta sem fallið var frá.

Í milljónum evra



Félagið kynnti í byrjun mars umfangsmiklar breytingar á siglingakerfi sínu. Fjölgað var um eitt skip í áætlunarsiglingum félagsins sem jók afkastagetu kerfisins um 7,7% en á móti var fækkað um eitt skip í stórflutningum þannig að félagið var með 16 skip í rekstri á ársfjórðungnum. Meginbreytingarnar fólust í vikulegum strandsiglingum um Ísland með beinni tengingu við Færeyjar, Bretland og meginland Evrópu og aukinni ferðatíðni og styttri siglingatíma til og frá Bandaríkjunum með viðkomu í Portland í Maine í stað Everett og Norfolk á austurströnd Bandaríkjanna. Aukinni þjónustu við Bandaríkin er einnig ætlað að styðja enn frekar við aukna flutninga á milli Norður-Noregs og Norður-Ameríku og bæta tengingu með styttri siglingatíma á milli Bandaríkjanna og Nýfundalands. Breytingarnar leiða einnig til aukinnar þjónustu fyrir ferskan fisk frá Færeyjum og aukinnar þjónustu félagsins við vaxandi olíuiðnað á Norðurslóðum með viðkomu í Aberdeen í Skotlandi. Þá hefur einnig verið komið á beinni tengingu inná Eystrasalt með viðkomu í Swinoujscie í Póllandi og með opnun skrifstofu í Gdynia. Brúarfoss lagði upp í fyrstu strandsiglinguna um Ísland þann 14. mars og fyrsta viðkoman í Portland í Bandaríkjunum var 26. mars og höfðu breytingarnar á siglingakerfinu því óveruleg áhrif á rekstur fyrsta ársfjórðungs. Fyrstu viðkomur í Swinoujscie í Póllandi og Aberdeen í Skotlandi hófust í apríl.

Félagið er nú með 16 skip í rekstri, þar af ellefu eigin skip og fimm leiguskip. Tólf skipanna eru í áætlanasiglingum, tvö eru í "spot" þjónustu, eitt er í stórflutningum og eitt er ferja.

## EFNAHAGUR

- Heildareignir í lok mars námu 307,2 milljónum evra
- Eiginfjárlutfall var 65,8%
- Vaxtaberandi skuldir námu 55,6 milljónum evra

Heildareignir Eimskips samkvæmt efnahagsreikningi námu 307,2 milljónum evra þann 31. mars 2013. Til samanburðar námu heildareignir 284,7 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 og 313,3 milljónum evra í árslok 2012.

Fastafjármunir námu 213,1 milljón evra í lok mars samanborið við 195,0 milljónir evra í lok mars 2012 og 209,7 milljónir evra í árslok 2012. Nettó fjárfestingar á fyrsta ársfjórðungi námu 8,0 milljónum evra.

Veltufjármunir félagsins námu 94,1 milljón evra í lok fyrsta ársfjórðungs samanborið við 89,7 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 og 103,6 milljónir evra í árslok 2012. Handbært fé nam 24,0 milljónum evra í lok mars, var 25,0 milljónir evra í lok mars 2012 og 37,3 milljónir evra í árslok 2012. Lækkunin frá áramótum skýrist einkum af fjárfestingum í skipum og öðrum tækjabúnaði og lækkun skammtímaskulda, en í árslok 2012 voru meðal skammtímaskulda ógreiddar fjárfestingar að fjárhæð 4,0 milljónir evra.

Eigið fé nam 202,2 milljónum evra í lok mars og var eiginfjárlutfallið 65,8%. Til samanburðar var eigið fé 176,9 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 og eiginfjárlutfallið 62,1% og 199,6 milljónir evra í lok árs 2012 og eiginfjárlutfallið 63,7%.

Vaxtaberandi skuldir námu 55,6 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs samanborið við 62,2 milljónir evra í lok mars 2012 og 59,3 milljónir evra í árslok 2012. Nettóskuldir hafa hækkað frá áramótum vegna lækkandi sjóðsstöðu og námu 31,6 milljónum evra í lok mars, en voru 37,2 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 og 22,0 milljónir evra í árslok 2012.

## SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé til rekstrar nam 2,4 milljónum evra**
- **Handbært fé nam 24,0 milljónum evra í lok mars**
- **Nettó fjárfestingar námu 8,0 milljónum evra**

Handbært fé til rekstrar nam 2,4 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 3,7 milljóna evra handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi 2012. Breytingin á milli ára skýrist einkum af breytingum á rekstartengdum eignum og skuldum.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 8,0 milljónum evra á fjórðungnum. Heildarfjárfestingar námu 8,6 milljónum evra á tímabilinu, en þar af var fjárfest í skipum fyrir 5,6 milljónir evra. Til samanburðar voru nettó fjárfestingarhreyfingar 22,0 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2012.

Nettó fjármögnunarhreyfingar námu 2,5 milljónum evra í fjórðungnum samanborið við 0,5 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. Sjóðsflæði var því neikvætt um 12,9 milljónir evra og nam handbært fé í lok mars 24,0 milljónum evra.

## HLUTHAFAR

- **Hlutabréfaverð í Eimskip hefur hækkað um 25,0% frá skráningu félagsins**
- **Markaðsvirði félagsins er nú 50,5 milljarðar íslenskra króna þann 22. maí 2013**

Viðskipti með bréf Eimskips hófust á NASDAQ OMX Iceland þann 16. nóvember 2012. Útboðsgengi var 208,00 kr. á hlut. Sem af er þessu ári hefur lokaverð hæst farið í 281,00 kr. á hlut og lægst í 233,50 kr. á hlut og var meðaltalslokaverð tímabilsins 266,06 á hlut. Lokaverð þann 22. maí 2013 var 260,00 kr. á hlut sem jafngildir 25,0% hækkun frá skráningu félagsins. Markaðsvirði félagsins þann 22. maí var 50,5 milljarðar króna sem jafngildir 317,6 milljónum evra.

Fjöldi útgefna hluta er 200.000.000 og er fjöldi útistandandi hluta 194.081.180. Fjöldi hluthafa þann 22. maí var 1.367.

## LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA 2012 OG 2013

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q1 2013	Q4 2012	Q3 2012	Q2 2012	Q1 2012
Rekstrartekjur	105.313	105.508	110.744	104.352	93.726
Rekstrargjöld	98.096	99.221	99.905	92.086	86.950
EBITDA	7.217	6.287	10.839	12.266	6.776
EBIT	2.083	169	5.813	6.436	1.314
Hagnaður (tap) tímabilsins	2.532	(993)	5.748	7.394	582
Leiðrétt fyrir einskisliðum:					
EBITDA	7.217	10.202	11.520	12.266	6.776
EBIT	2.083	4.084	6.494	6.436	1.314
EBITDA / rekstrartekjur	6,9%	9,7%	10,4%	11,8%	7,2%
EBIT / rekstrartekjur	2,0%	3,9%	5,9%	6,2%	1,4%
Efnahagsreikningur	31.03.2012	31.12.2012	30.09.2012	30.06.2012	31.03.2012
Eignir	307.193	313.281	303.077	299.766	284.656
Eigið fé	202.219	199.599	190.415	184.698	176.907
Skuldir	104.974	113.682	112.662	115.068	107.749
Nettóskuldir	31.598	21.950	33.245	34.670	37.249
Eiginfjárlutfall	65,8%	63,7%	62,8%	61,6%	62,1%
Sjóðstreymi	Q1 2013	Q4 2012	Q3 2012	Q2 2012	Q1 2012
Handbært frá rekstri	(2.357)	12.749	7.333	13.045	3.745
Fjárfestingarhreyfingar	(8.045)	(8.430)	(3.604)	(5.721)	(21.433)
Fjármögnunarhreyfingar	(2.478)	4.107	(2.190)	(5.274)	(1.012)
Handbært fé í lok tímabils	23.977	37.304	28.816	27.201	24.997

## UM EIMSKIP

Eimskip rekur 51 starfsstöð í 18 löndum og er með 16 skip í rekstri. Félagið hefur á að skipa um 1.350 starfsmönnum, þar af um 780 á Íslandi. Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öfluga þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

## KYNNINGARFUNDUR 24. MAÍ 2013

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 24. maí 2013 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon, forstjóri, og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2013. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasíðu félagsins, [www.eimskip.is/investors](http://www.eimskip.is/investors), og í fréttakerfi NASDAQ OMX Nordic.

## SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2013 á stjórnarfundi þann 23. maí 2013.

## FJÁRHAGSDAGATAL

---

- Uppgjör 2. ársfjórðungs 2013 verður birt 29. ágúst 2013
- Uppgjör 3. ársfjórðungs 2013 verður birt 21. nóvember 2013
- Uppgjör 4. ársfjórðungs 2013 verður birt 27. febrúar 2014

## FREKARI UPPLÝSINGAR

---

- Gylfi Sigfússon, forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is

## TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

---

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.